

Bókun bæjarfulltrúa Framsóknar og frjálsra við ársreikning Akraneskaupstaðar 2024

Ársreikningur Akraneskaupstaðar fyrir árið 2024 sýnir 4,5 milljón króna afgang af samstæðureikningi. Þessi niðurstaða verður að teljast ófullnægjandi þegar hún er sett í samhengi við fyrri rekstrarár og þau sveitarfélög sem við gjarnan berum okkur saman við. Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum yfir því hvernig rekstur bæjarsjóðs hefur þróast til verri vegar á þessu kjörtímabili.

Ljóst er að án einskiptistekna, svo sem arðgreiðslna frá Orkuveitunni og Faxaflóahöfnum sem námu alls um 342 milljónum króna á árinu 2024, væri rekstrarafkoman verulega neikvæð. Ef þær tekjur hefðu ekki verið fyrir hendi má efast um greiðslugetu bæjarsjóðs og þar með um sjálfbærni rekstursins. Til að standa undir fjárhagsáætlun ársins 2025 er nauðsynlegt að auka framlegð úr rekstri um að minnsta kosti 700 milljónir króna.

Gert var ráð fyrir 100 m.kr. hagræðingu í fjárhagsáætlun ársins 2024 sem því miður urðu að engu í meðförum meirihluta Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Einnig má nefna að ekki var gripið til markvissa aðgerða til að sporna við auknum útgjöldum í rekstri og sést það glögglega í ársreikningi sem liggur hér til samþykktar.

Rekstrarkostnaður heldur áfram að hækka umfram tekjur og ber þar að nefna annan rekstrarkostnað sem hækkar um 940 milljónir króna frá upphaflegri áætlun eða um 30%. Þar af fóru 850 milljónir króna umfram heimildir ársins 2024, án þess að viðaukar væru lagðir fram eða samþykktir. Slíkt verklag er í andstöðu við lög og reglur um fjármál sveitarfélaga sem okkur ber að framfylgja og felur í sér alvarlegt frávik frá meginreglum um gagnsæi og ábyrga fjármálastjórnun. Fjárhagsáætlun er ekki einungis leiðbeinandi plagg – hún er lagaleg og rekstrarleg stoð reksturs sveitarfélagsins og breytingar á henni verða að fara í gegnum viðeigandi ferla. Þá hefur ítrekað verið bent á að óvissa og óskýrar forsendur fjárhagsáætlunar 2025 gefi tilefni til að ætla að útgjöld muni áfram aukast, þrátt fyrir markmið um lækkun rekstrarkostnaðar.

Framsókn og frjálsir hafa áréttað þessa þróun og kallað eftir viðbrögðum meirihlutans. Við sem bæjarfulltrúar berum lagalega og siðferðislega skyldu til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og standa vörð um gagnsæi, ábyrgð og faglega stjórnsýslu. Við hjá Framsókn og frjálsum skorumst ekki undan þeirri ábyrgð!

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra lýsa ánægju með að fjárhagsleg markmið bæjarsjóðs hafi loks verið samþykkt. Hins vegar voru það mikil vonbrigði að það hafi tekið 34 mánuði af núverandi kjörtímabili að ljúka þeirri vinnu, þrátt fyrir að KPMG hafi skilað úttekt á rekstri og stjórnsýslu Akraneskaupstaðar í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga árið 2022 og að vinna hafi verið langt komin áður en núverandi meirihluti tók við.

Ljóst er að svigrúm til fjárfestinga verður mjög takmarkað næstu ár. Til að bregðast við lausafjárvanda hefur þurft að skera niður fjárheimildir til skipulags- og umhverfismála, m.a. viðhald gatna og frestun stærri innviðaverkefna.

Núna eru liðnir 5 mánuðir af árinu 2025 og hafa ekki verið skilgreindar árangursríkar aðgerðir til að ná fram lækkun rekstrarkostnaðar. Nú er tíminn! Við viljum ekki sitja hér að ári liðnu í sömu eða verri sporum með þá vitneskju að lítið hafi verið gert. Stillum okkur saman og skorumst ekki undan þeirri ábyrgð sem okkur hefur verið falin, samfélaginu til heilla.

Undir þetta skrifa bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra:

Ragnar B. Sæmundsson

Liv Åse Skarstad

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir